

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 17.02.2020, kl.10:30, á skrifstofu SSH, Hamraborg, Kópavogi.

421. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins voru Haraldur Flosi Tryggvason, Birgir Björn Sigurbjörnsson og Erik Tryggvi Bjarnason.

Tekið fyrir:

- 1. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar – framvinda**  
Minnisblað frá Mannvit dags. 05.02.2020 lagt fram.
- 2. Stækkun móttökustöðvar og uppsetning tækjabúnaðar – framvinda**  
Minnisblað frá Mannvit dags. 05.02.2020 lagt fram.  
Stjórn felur framkvæmdastjóra að skerpa á tíma og kostnaðaráætlunum vegna verksins og rýna samninga um hönnun, verkfræðiráðgjöf og eftirlit vegna GAJA og Móttökustöðvar. Auk þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framvindu verksins.
- 3. Staða samnings við RKÍ**  
Framkvæmdastjóra er falið að ræða við RKÍ.
- 4. Erindi Kubbs hf. um endurvinnsluefni frá sveitarfélaginu Ölfus**  
Lagt fram erindi Kubbs hf. þar sem óskað er eftir að SORPA taki við endurvinnsluefnum, pappírs- og plastefnum sem uppruna sinn eiga í sveitarfélaginu Ölfus. Stjórn heimilar að SORPA taki við þessum efnum miðað við gjaldskrá hverju sinni enda eru þetta efni til endurvinnslu en ekki til urðunar.
- 5. Svarbréf Kópavogs vegna lóðar fyrir endurvinnslustöð (lagt fram)**
- 6. Svarbréf Kópavogs vegna notkunar á metani (lagt fram)**
- 7. Áhættumat rekstraráætlunar - Innri endurskoðun (lagt fram)**
- 8. Kynning á jafnlaunavottun (frestað til næsta fundar)**
- 9. Kynning – könnun á viðhorfi íbúa í Leirvogstungu (frestað til næsta fundar)**
- 10. Skemmdir á endurvinnslustöðinni á Ánanaustum vegna óveðurs (frestað til næsta fundar)**
- 11. Niðurstöður húsasorpsrannsóknar (frestað til næsta fundar)**
- 12. Næsti fundur ákveðinn.**  
Bjarni Gnýr vikur af fundi kl. 11:49  
Næsti fundur ákveðinn 3. mars kl. 11:30


Fundarhlé kl. 11:51

Fundi áfram haldið kl. 13:13

### 13. Tillaga um aðgerðir vegna sjóðstreymis.

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu með greinargerð.

Stjórn samþykkir að breyta fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2020 og auka lántökuheimildir SORPU bs. tímabundið til loka árs um 600 milljónir króna. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir fyrirgreiðslu til lánastofnana og afla nauðsynlegra heimilda og ábyrgða frá eigendum vegna þessa.



Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:54

Birkir Jón Jónsson  
Jóna Sveinbjörnsdóttir

Andri Snær Magnason

Björn Tólfur

Árni Benjamínsson

Kolbrún G. Þórunn

Þjarni Hórn

Guðrún Ólafsson